

Upplýsingar um aðlögunarfærni

Leikskólaaldur

Upplýsingar um tjáskiptafærni

- Talar barnið í setningum? Ef svo er hversu langar eru þær (gott að koma með dæmi). *(Athugið, ef barnið talar ekki eða notar stök orð þá er gott að lýsa því sem best hvernig barnið gerir sig skiljanlegt; notar það látbragð, bendingar, hljóð, myndir).*
- Svarar barnið spurningum um helstu persónuupplýsingar? T.d. nafn, afmælisdag og nöfn nánustu aðila eins og foreldra, systkina, vina og kennara.
- Biður barnið um hluti sem það þarf á að halda eða langar í með orðum?
- Segir barnið frá atburðum úr daglegu lífi? T.d. ef það var eitthvað óhefðbundið eða uppbrot í leikskólanum.
- Fylgir barnið einföldum fyrirmælum? T.d. “klæddu þig í úlpuna”, “náðu í sængina þína”.
- Hlustar barnið af athygli þegar lesið er fyrir það? Hversu lengi?

Upplýsingar um athafnir daglegs lífs

- Hversu mikla aðstoð þarf barnið við... (komið með dæmi)
 - ...að matast (notar hnífapör, skammtar sér sjálft, smyr sjálft, drekkur úr glasi)?
 - ...klósettferðir (notar enn bleyju, lætur vita, fer sjálft á klósett)?
 - ...að klæða sig (í og/eða úr fötum, skóm)?
- Hversu vel passar barnið sig á hættum innan veggja heimilis? T.d. heitt helluborð, bakaraofn, grill, beittir hlutir líkt og hnifar eða skæri.
- Hversu vel passar barnið sig á hættum utan heimilis? T.d. að halda sig nálægt foreldrum í óþekktu umhverfi eins og á flugvelli, í stórum verslunum, í útlöndum.
- Fer barnið sjálft út í garð að leika, á öruggt leiksvæði eða spyr eftir vini sem býr nálægt?

Upplýsingar um félagslegt samspil

- Hversu lengi leikur barnið við annað barn þar sem gagnkvæmni er í samskiptum þeirra?
- Á barnið sérstakan vin/vini sem það hefur myndað tengsl við?
- Á barnið frumkvæði að því að biðja um að leika við önnur börn?
- Setur barnið orð á tilfinningar sínar? T.d. “Ég er hrædd/ur/tt, glöð/glaður/glatt, leið/ur/tt”.
- Áttar barnið sig á líðan annarra t.d. með því að lesa í fas þeirra og svipbrigði?
- Hvernig gengur barninu að deila með öðrum og skiptast á? T.d. í leikjum, íþróttum og spilum sem hæfa aldri þess og fylgir það leikreglum.
- Hvernig gengur barninu að vera frá foreldrum? T.d. í pössun, að fara í leikskólann, í afmæli.